

Samstarfssamningur Garðabæjar við Grósku
– samtök myndlistarmanna og áhugamanna um myndlist
í Garðabæ

1. gr.

Markmið þessa samnings er að styðja við starfssemi félagasamtakanna Grósku. Tilgangur samtakanna er að efla stöðu myndlistar og stuðla að samvinnu félagsmanna (sbr. lög Grósku gr. 3-5, fylgiskjal 1).

2. gr.

Samkvæmt samningi þessum tekur Gróska að sér að annast Jónsmessugleði í Garðabæ og ýmsar samsýningar í Gróskusalnum og víðar, fræðslustarf og námskeið bæði fyrir félagsmenn og almenning (Nánari lýsing á verkefnum Grósku, sjá fylgiskjal 2). Upplýsingar um verkefni Grósku skulu kynnt fulltrúa menningar- og safnanefndar í upphafi hvers árs.

3. gr.

Garðabær greiðir Grósku kr. XX kr á árunum 2016-2019, með fyrirvara um samþykkt fjárveitingar í fjárhagsáætlun og samkomulags skv. 2. gr. Upphæðin skal greidd í tvennu lagi í maí og júní á gildistíma samningsins. Gróska fær afnot af húsnæði á Garðatorgi 1 undir sýningasal samkvæmt sér samningi þar um.

4. gr.

Samningur þessi gildir um framlög til Grósku á árunum 2016-2019. Aðilar munu fyrir samningslok taka upp viðræður um gerð nýs samnings.

Garðabæ, 26. maí 2016

f.h. Garðabæjar

f.h. Grósku

Vottar: _____

Fylgiskjöl:

- 1) Lög Grósku (samþykkt á stofnfundi Grósku 1. mars 2010)
- 2) Nánari skilgreining á samstarfsverkefnum Grósku og Garðabæjar